

Stærð
10 x 10 cm

SeaSorb Ag umbúðir

Magn
10 stk.

Vörunúmer
3760

Stærð
3 x 44 cm

SeaSorb Ag Filler

Magn
10 stk.

Vörunúmer
3780

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarfræðingar



Lyngháls 13, 110 Reykjavík
Sími: 520-4316 / 4326
Netfang: coloplast@icepharma.is



www.coloplast.dk

WC0143

Notendaleiðbeiningar



SeaSorb - Ag



1. Ábendingar

- 1.1 Hefur mikla ísogsgetu og hentar því vel til notkunar á meðal til mikið vessandi sár, t.d. fóta- og þrýstingssár.
- 1.2 Má nota á sýkt sár.
- 1.3 Má nota á sykursýkissár undir eftirliti læknis eða hjúkrunarfræðings.
- 1.4 Hentar vel á sár þar sem húð umhverfis sárið er aum og viðkvæm.
- 1.5 **SeaSorb Ag Filler** (holufyllig) er notað í dýpri sár og holrými.

2. Notkunarleiðbeiningar: SeaSorb Ag umbúðir

- 2.1 Stærð umbúða valin við hæfi. Umbúðirnar eiga að vera a.m.k. 1 sm stærri en sárið. Umbúðirnar má e.t.v. sníða til svo þær passi.
- 2.2 Umbúðir festar með festiumbúðum.

3. Notkunarleiðbeiningar: SeaSorb Ag Filler

- 3.1 Stærð og dýpt sársins metin. **SeaSorb Ag Filler** er klippt til í hæfilega stærð.
- 3.2 Umbúðir festar með festiumbúðum. Val þeirra ræðst af því hve mikið vessar úr sárinu.
- 3.3 Ef húð er soðin er ráðlegt að setja **SeaSorb Ag** umbúðir yfir og festa síðan.

4. Festiumbúðir

Val á festiumbúðum ræðst af því hve mikið vessar úr sárinu.

- 4.1 Mikið vessandi – notið t.d. **Stabilon** filmu sem er mjög gegndræp þannig að mikill hluti vessans getur gufað upp í gegnum filmuna. Einnig er hægt að nota umbúðir sem draga í sig mikinn vökva eins og **Alione** Hydrokapillær umbúðir, **Biatain** umbúðir eða umbúðarúða.
- 4.2 Meðal vessandi – notið t.d. **Stabilon** filmu eða umbúðir sem draga í sig vökva eins og **Comfeel** Plus.

5. Tíðni skiptinga

- 5.1 Skipt er um umbúðir þegar þær eru mettar og gegnumrakar af vessa. Athugið að umbúðirnar draga vessann lóðrétt upp úr sárinu. Þess vegna er það eingöngu svæðið sem er yfir sárinu sem mettast.
- 5.2 Í fyrstu, meðan mikið vessar úr sárinu getur verið nauðsynlegt að skipta daglega.
- 5.3 Þegar vessinn fer að minnka, skal velja aðra gerð af umbúðum.
- 5.4 Má vera á sári í allt að 7 daga.

6. Umbúðir fjarlægðar

- 6.1 **SeaSorb Ag** umbúðirnar eru fjarlægðar í heilu lagi.
- 6.2 **SeaSorb Ag** Fillerinn má e.t.v. fjarlægja með töng.
- 6.3 Skolið sárið með volgu vatni eða saltvatni.
- 6.4 Húð umhverfis sárið þerruð. Berið e.t.v. zink áburð t.d. **Conveen** Critic Barrier á sárbarma ef þeir eru soðnir.
- 6.5 Nýjar umbúðir settar á m.t.t. þess magns sem vessar úr sárinu.

7. Athugasemdir

- 7.1 Ef umbúðirnar eru notaðar á lítið vessandi sár getur það gerst að þær sitji fastar við sárbarmana. Þá er gott að bleyta þær upp með vatni eða saltvatni til þess að skemma ekki nýjan granulationsvef í sárinu. Eftir það skal skipta yfir í aðra gerð umbúða t.d. **Comfeel** Plus.
- 7.2 Má nota með þrýstingsumbúðum og hentar mjög vel með **Stabilon** filmu.
- 7.3 Ber að fjarlægja áður en langtíma geislameðferð hefst.
- 7.4 Ef mikið vessar úr sárinu er hægt að leggja tvær **SeaSorb Ag** umbúðir, þannig að þær skarist, eða hvora ofan á aðra.

8. Geymsuskilyrði

- 8.1 Geymist við stofuhita.